

Fjallabyggð



Íþróttá- og tómstundamál
Málaflokkur 06

Yfirmenn málaflokksins:

Deildarstjóri fræðslu-frístunda-og menningarmála – Kristinn J. Reimarsson
Íþróttá-og tómstundafulltrúi - Haukur Sigurðsson

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016
Starfsáætlun

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar 2016

Íþróttá- og tómsundamál – Greinargerð

Inngangur

Hér á eftir fer tillaga að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir íþróttá- og tómsundamál. Farið var yfir stöðuna og skoðað hvar eru möguleikar í hagræðingu og sparnaði. Endurskoða þarf frístundastefnu Fjallabyggðar frá 2009.

Líkt og undanfarin ár þá er stærsti partur sem skoðaður er hér er Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar, enda er hún með um 60% af heildarkostnaði 06 málaflokksins.

Framtíðarsýn frístundamála í Fjallabyggð

Fjallabyggð er fjölskylduvænt samfélag með fjölbreytt frístundastarf við allra hæfi sem stuðlar að heilbrigðum lífsstíl í góðum tengslum við náttúru og umhverfi. Aðgengi að frístundastarfi er gott og íbúar eru virkir þátttakendur. Í Fjallabyggð er góð aðstaða til frístundastarfs sem miðað er við þarfir notenda og öryggi haft í fyrirrúmi. Góður stuðningur í formi frítíma og afsláttar er við efnilegt íþróttafólk og þá sem skara fram úr. Samskipti og samstarf þeirra sem koma að frístundastarfi er gott og faglegt. Fjallabyggð er eftirsóknarverð til búsetu vegna framboðs á frístundastarfi.

Hlutverk íþróttá- og tómsundafulltrúa

- Íþróttá- og tómsundafulltrúi hefur umsjón með málum sem varða íþróttá- og tómsundastarf í sveitarfélaginu.
- Íþróttá- og tómsundafulltrúi hefur með höndum daglegan rekstur málaflokksins og yfirumsjón með samskiptum sveitarfélagsins við íþróttá- og tómsundafélög sem starfa í bæjarfélaginu og aðra aðila sem starfa á verkswiði hans. Hann hefur umsjón með gerð þjónustu- og rekstrarsamninga við íþróttafélög og önnur félagasamtök um rekstur á aðstöðu viðkomandi félags og eftirfylgni með að unnið sé samkvæmt þeim. Hann hefur einnig með höndum gerð samninga og samskipti varðandi einstaka viðburði tengda íþróttá- og tómsundastarfi sem sveitarfélagið er aðili að í samstarfi við félögin. Hann aðstoðar skipuleggjendur íþróttamóta og annarra viðburða tengdum málaflokknum eftir föngum.
- Íþróttá- og tómsundafulltrúi ber ábyrgð á rekstri íþróttasvæða á vegum Fjallabyggðar og er yfirmaður umsjónarmanna þeirra. Hann kallar eftir vinnu þjónustumiðstöðvar Fjallabyggðar eða óskar eftir vinnu utanaðkomandi aðila í samráði við bæjarverksstjóra, að því gefnu að heimild fyrir viðkomandi vinnu sé fyrir hendi. Hann ber einnig ábyrgð á skipulagningu og rekstri vinnuskóla Fjallabyggðar. Hann ræður umsjónarmann vinnuskóla og flokksstjóra til starfa og hefur eftirlit með vinnu þeirra.
- Íþróttá- og tómsundafulltrúi er forstöðumaður íþróttamiðstöðva og hefur umsjón með að starfsemi íþróttamiðstöðvanna sé í samræmi við stefnu sveitarfélagsins, lög og reglugerðir og að rekstur þeirra sé innan þeirra marka sem þeim eru settir. Hann hefur umsjón með rekstri félagsmiðstöðva og ber ábyrgð á rekstri þeirra.
- Íþróttá- og tómsundafulltrúi gerir starfs- og fjárhagsáætlanir fyrir félagsmiðstöð, vinnuskóla og íþróttamiðstöð.
- Hann vinnur með fjármála- og skrifstofustjóra að fjárhagsáætlun fyrir málaflokkinn á grundvelli starfsáætlana. Hann hefur með höndum eftirfylgni með áætlunum og

styrkveitingum og kallar eftir reikningum, greinargerðum og öðrum upplýsingum frá þeim aðilum sem þiggja styrki frá sveitarfélaginu.

Ný verkefni íþróttta- og tómstundafulltrúa:

- Umsjón og fundir með Ungmennaráði Fjallabyggðar

Íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar

Rekstur Íþróttamiðstöðvar 2015 gekk nokkuð eftir bókinni fyrir utan launaliði þar sem laun hækkuðu á árinu. Aðrir liðir voru nokkuð á pari nema heitt vatn.

Nú þegar við höfum reynsluna er auðveldara að leggja til breytingar sem spara t.d. heitt vatn. Sparnaður árið 2016 liggur í eftirfarandi þáttum:

- Lækka vatnsnotkun með aðgerðum á Siglufirði sem felast í viðgerðum á loftræstibúnaði og hitalögnum í stéttum ásamt öðrum stillingum á tækniþúnaði og í formi afsláttar á heitu vatni. Náðst hafa samningar um 25% afslátt á heitu vatni til sundlaugar Siglufjarðar.

Framtíðaróskir – Íþróttamiðstöð

Komið hafa fram hugmyndir að framtíðarskipulag á svæðinu á Siglufirði. Skoða þarf vel hvernig útsvæðið á að vera t.d. hversu margir pottar. Skoða þarf aðgengi að íþróttahúsi og tækjasal ásamt aðgengi fatlaðra að Íþróttamiðstöðinni þ.e.a.s. afgreiðslu og aðgengi að búningsherbergjum.

Stækkun á húsnæði tækjasalar í Ólafsfirði verður boðin út á vordögum og er reiknað með að húsnæðið verði tilbúið í október eða nóvember. Einnig er verið að kanna endurnýjun á tækjum.

Styrkir til íþróttafélaga

Styrkir til íþróttafélaga hafa verið í frekar föstum skorðum undanfarin ár og ekki miklar hækkanir þar í gangi. Við höfum náð að hækka eða halda í stað beina styrki vegna barna- og unglingastarfs undanfarin tvö ár. Ýmsir samningar eru í gangi ýmist til eins eða tveggja ára í senn.

Styrkir 2016 eru eftirfarandi, samtals að upphæð ein milljón.

- Skákfélag Siglufjarðar til eflingar skákípróttinni í Fjallabyggð: kr. 50.000
- Hjólaklúbbur Fjallabyggðar: kr.50.000- Til að koma af stað hjólreiðakeppni frá Ólafsfirði um Lágheiði og Fljót og yfir Siglufjarðarskarð og endað í Ólafsfirði
- Hestamannafélagið Gnýfari vegna firmakeppni 50.000
- Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg v/bikarmóts og fjallaskíðamóts: 150.000
- KF vegna æfinga í Boganum: 300.000
- Skíðafélag Ólafsfjarðar vegna bættrar lýsingar í Tindaöxl: 300.000
- Golfklúbbur Fjallabyggðar vegna stigamóts unglunga : 100.000
- UÍF rekstrarstyrkur: 1.500.000
- UÍF Styrkur vegna aðildarfélaga: 6.500.000

Rekstur íþróttasvæða

Um er að ræða tvo knattspyrnuvelli og tvö skíðasvæði.

Daglegan rekstur á skíðasvæðinu í Skarðsdal sér Valló ehf um fyrir Leyningsás.

Er því eingöngu gert ráð fyrir framlagi að upphæð 25.000.000 til reksturs svæðisins sem er til að uppfylla samning við Valló ehf. Fjallabyggð mun því ekki greiða neinn annan auka kostnað af rekstri svæðisins.

Knattspyrnusvæði í Fjallabyggð hafa undanfarin ár verið í rekstri hjá KF. Gerður var tveggja ára samningur við félagið. Í áætlun er gert ráð fyrir 5.637.00 í þjónustusamning við KF og 10.527.120 til reksturs knattspyrnusvæða. Ráðning á eftirlitsmanni með hitakerfi undir knattspyrnuvelli og sparkvelli í Ólafsfirði skilaði sér mjög vel og kom það fram í ástandi vallarinnis þegar voraði og sparaði mikil kaup á áburði og fræi. Vallarhúsið hýsir nú Félagsmiðstöðina Neon frá sept. – maí og KF hefur aðgang að skrifstofu sama tíma og síðan hefur KF húsið yfir sumartímamann. Samhliða stækkun Grunnskólans á Siglufirði var settur sjálfvirkur búnaður sem stýrir vatni í sparkvöllinn á skólalóðinni og hefur húsvörður Grunnskólans séð um að fylgjast með því.

Á Skíðasvæðinu í Ólafsfirði voru tillögur um hagræðingu þannig að kostnaður færi ekki yfir 7,5 milljónir. Í rammanum sem Íþróttta- og tómstundafulltrúi skilaði af sér er gert ráð fyrir að sá rekstur verði 6.104.000 milljónir fyrir árið 2016 og skiptist svo:

- 2.520.000 kr. sem eru fastar rekstrartölur: leiga eignarsjóður (2.048.000 kr.), Opinber skoðunargjöld (32.000 kr.), tryggingar (150.000 kr.) félagsgjald skíðasvæða (30.000 kr) og síðan er viðhald skemmu (110.000 kr.) og viðhald skíðaskála (150.00 kr.)fært á framkvæmdaliði tæknideildar.
- 3.856.000 kr. er svo rekstrarsamningur, þ.e. allur annar rekstur en sem um getur að ofan, s.s. laun, minniháttar viðhald, eldsneytisólía, rafmagn og hiti, og viðhald Bárubrautar.

Framtíðaróskir - íþróttasvæði:

Gera þarf heildstæða áætlun og stefnu um íþróttasvæði Fjallabyggðar. Ef leggja á niður svæði eða breyta rekstrinum með afgerandi hætti þarf að vinna það heildstætt og í samvinnu við íþróttahreyfinguna sjálfa. Endurnýja þarf aðstöðu á knattspyrnuvelli í Ólafsfirði, þ.e. litla vallahúsið sem er upp í austur brekkunni þar sem er söluaðstaða KF. Engin aðstaða er fyrir fatlaða að snyrtingum og þarf að bæta úr því t.d. með stærra húsi eða gám með snyrtingum. Kanna þarf möguleikann á því að skíðasvæðið í Ólafsfirði verði rekið af skíðafélögum eða öðrum sambærilegu félagi. Fulltrúar Skíðafélags Ólafsfjarðar haf velt upp þeirri hugmynd að félagið fái til sín eignir svæðisins og reki það sjálft með styrk frá Fjallabyggð. Einnig þarf að fara að huga að endurnýjun á troðara.

Vinnuskóli:

Vinnuskóli Fjallabyggðar er að mestum hluta (99%) launakostnaður nemenda og flokksstjóra. Vinnuskóli vinnur mikilvægt verkefni við hreinsun og umhirðu í Fjallabyggð. Skerðing á þessum lið þýðir minni umhirða. Fjöldi nemenda undanfarið og verkefnastaða hefur hins vegar verið þannig að mikil fækkun hefur átt sér stað og nemendum hefur verið leyft að vinna lengur en til stóð í upphafi til að geta klárað þau verkefni sem legið hafa fyrir. Opin svæði eiga um 80%

af þeim kostnaði. Fjöldi unglunga eftir aldri: 14 ára voru 20, 15 ára voru 6 og 16 ára voru 5 á síðasta sumri.

Framtíðaróskir – Vinnuskóli

Mjög mikilvægt að halda áfram að styrkja faglegan grunn vinnuskóla sem skóla. Árlega er haldið mjög gott og faglegt námskeið fyrir flokksstjóra og sláttuliðið í samvinnu við SÍMEY og önnur sveitarfélög. Lögð verður áhersla á að þróa þetta nám í samvinnu við SÍMEY og sveitarfélög á Norðurlandi með það í huga að þetta geti verið nám sem hægt verði að meta til framhaldsskólaeininga. Útbúa þarf vinnubók sem vinnuskólinn myndi starfa eftir þar sem svæði eru tekin skipulega og slegin, hreinsuð og máluð eftir því sem við á. Unnið er að því að fá veraldarvini til okkar í tvær vikur í sumar.

Félagsmiðstöð:

Félagsmiðstöðin er staðsett í Ægisgötu 15 á Ólafsfirði og á Siglufirði flutti félagsmiðstöðin úr efra skólahúsinu og fór í Lækjargötu 8 (Billann) sem var tekinn á leigu í eitt ár. Hafin er leit að framtíðar húsnæði fyrir Félagsmiðstöðina Neon.

Framtíðaróskir –Félagsmiðstöð: Möguleikar í stöðunni eru nokkrir, t.d. að vera áfram í núverandi húsnæði við Ægisgötu 15 ásamt annarri starfsemi (KF) og leigja húsnæði á Siglufirði eins og gert er í dag. Síðan er spurning hvort við getum bara verið með eitt hús og þá staðsett á Ólafsfirði svo að ungmenni frá Ólafsfirði sem sækja skóla á Siglufirði þurfi ekki líka að sækja félagsmiðstöð til Siglufjarðar til viðbótar við skóla. Verið er að hrinda af stað könnun er varðar framtíðar húsnæði Neon.

Með tilkomu MTR eru að aukast fyrirspurnir um starfsemi fyrir 16 ára og eldri. Fela þarf Ungmennaráði að koma með tillögur að starfi fyrir þennan aldur og hvort hugsanlega sé hægt að samnýta húsnæði í MTR fyrir félagsmiðstöðina og ungmenni á aldrinum 18- 25 ára (eða þá sem eru í MTR).

Golfvellir – Rekstrarframlag.

Golfklúbbur Fjallabyggðar rekstrarstyrkur 2.600.000, framkvæmdastyrkur 3.000.000

Golfklúbbur Siglufjarðar rekstrarstyrkur 600.000

Framtíðaróskir Golfvellir:

Samningur sveitarfélagsins og Golfklúbbs Ólafsfjarðar var gerður um uppbyggingu á golfvelli í Ólafsfirði og var sett fjármagn í að endurbæta hann (12 milljónir). Búið er að framkvæma fyrir 9 milljónir og næsta sumar ætti þessi hluti sem ráðist var í að klárast þ.e. breytingar á fyrstu, annari og þriðju braut. Verkefninu verður vonandi haldið áfram þar sem þetta var aðeins hluti framkvæmda á fyrirhuguðum breytingum. Þar sem nýr golfvöllur er í byggingu í Hólsdal á vegum einkaaðilla þá tók bæjarstjórn þá ákvörðun við gerð fjárhagsáætlunar að draga úr framlagi til GKS vegna vallarinnis á Siglufirði.

Hestasvæði – rekstrarstyrkir.

Hestamannafélagið Gnýfari 500.000

Hestamannafélagið Glæsir 500.000

Frístundastyrkurinn

Upphæð á hvern einstakling helst óbreytt frá síðasta ári eða kr. 9.000. Reynslan er hins vegar sú að það skili sér ekki allir styrkirinn inn. Var því svipuð áætlun sett fram eins og árið 2015, og gert er ráð fyrir því að um 72% styrkja skili sér inn árið 2016. Sú nýbreytni var gerð í fyrri að færa má styrkinn á milli systkina.

Helstu breytingar frá 2015

- Vinnuskóli Fjallabyggðar: Stofnað var sérstakt sláttugengi sem sá eingöngu um að slá garða fyrir eldri borgara og öryrkja. Þetta gafst mjög vel og verður gert aftur. Hafa þarf í huga að þetta hefur ekki veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðuna í heild, þar sem 99% vinnunar er millifærð á milli deilda innan Fjallabyggðar. Innkoma af slætti fyrir eldri borgara og öryrkja var 279.000 kr.
- Félagsmiðstöðin Neon færðist úr efra skólahúsinu og niður í Lækjargötu 8 á Siglufirði.
- Skíðsvæðið í Ólafsfirði: Þar lækkar rekstarkostnaður töluvert. Kostnaður við svæðið verður 6.104.000. Sjá skiptingu og skýringar hér að ofan undir liðnum „rekstur íþróttasvæða“ þetta er að mestu leyti lækkun vegna snjótroðara sem búið er að greiða upp.
- Styrkjapotturinn til íþróttafélaga er óbreyttur.
Íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar: Stefnt er að meiri hagræðingu í rekstri við íþróttamiðstöðvarnar og er ætlunin að ráðast á heita vatnið með látum og reyna að ná meiri sparnaði þar. Náðst hefur að spara vatn við Íþróttamiðstöðina í Ólafsfirði um 2.294 tonn á árinu 2015 miðað við 2014. Næst það með lokunum yfir vetrartímann á rennibrautum og vaðlaug í Ólafsfirði (sem og aðrar aðgerðir til að spara heitt vatn). Einnig er nauðsynlegt til sparnaðar á vatni að fara að huga að nýrri yfirbreiðslu á sundlaugina á Ólafsfirði þar sem það er höfuðatriði í að spara vatn yfir vetrartímann. Hún er orðin mjög illa farin og við ættum að reyna að endurnýja hana á næsta ári. Þess má geta að innkoma íþróttamiðstöðvar var eins og gert var ráð fyrir þrátt fyrir kalt sumar.

Niðurstaða

Þrátt fyrir ýmsa þætti sem ekki var gert ráð fyrir árið 2015 þá tókst nokkurn vegin að halda 06 liðnum á pari. Það komu auðvitað upp bilanir ýmis konar sem komu af stað mikilli eyðslu á vatni og launahækkunir sem gerðu það að verkum að við fórum 4 miljónir yfir á launalið. Og síðan var það veðrið sem lék ekki við okkur varðandi aðsókn.

Fjárhagsáætlun

Sjá fylgiskjal: Æskulýðs- og íþróttamál 06 - 2016

Haukur Sigurðsson

Íþróttta- og tómstundafulltrúi

Íþróttta- og tómstundamál

Aðsókn í Íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar 2015							
Ólf. sund	Ólf. rækt	Ólf. salur		Sigluf. sund	Sigluf. rækt	Sigluf. salur	
			Samtals:				Samtals:
10.672	6.042	12.429	29.143	9.232	5.042	10.809	25.083

06270 Vinnuskóli	2015			2016			Áætluð hreyfing 2016 - hreyfing 2015	
	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Breyting á milli áraanna 2015 og 2016	
Tekjur samtals:	-9.544.994	-11.256.000	-1.711.006		-9.720.000	175.006	-175.006	1,8%
Laun og launat. gjöld:	10.192.492	14.601.000	4.408.508		10.386.000	-193.508	193.508	1,9%
Vörukaup samtals:	26.742	115.000	88.258		34.000	-7.258	7.258	27,1%
Þjónustukaup samtals:	955.351	601.000	254.251		1.225.000	-269.649	269.649	28,2%
Annað samtals:		97.000			0		0	
Samtals:	1.629.591	4.158.000	2.528.409	0	1.925.000	-295.409	295.409	

06310 Félagsmiðstöðin Neon	2015			2016			Áætluð hreyfing 2016 - hreyfing 2015	
	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Breyting á milli áraanna 2015 og 2016	
Tekjur samtals:	-107.000	0	0		0	0	107.000	-100%
Laun og launat. gjöld:	4.383.410	4.654.000	270.590		5.415.000	-1.031.590	1.031.590	24%
Vörukaup samtals:	916.433	856.000	-60.433		383.000	533.433	-533.433	-58%
Þjónustukaup samtals:	4.140.016	4.680.000	539.984		4.396.000	-255.984	255.984	6%
Annað samtals:						0		
Samtals:	9.332.859	10.190.000	750.141	0	10.194.000	-754.141	861.141	

06510 Íþróttamiðstöð	2015			2016			Áætluð hreyfing 2016 - hreyfing 2015	
	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Breyting á milli áraanna 2015 og 2016	
Tekjur samtals:	-42.542.187	-40.854.000	1.688.187		-41.552.000	0	990.187	-2,3%
Laun og launat. gjöld:	65.802.691	61.707.000	-4.095.691		62.543.000	3.259.691	-3.259.691	-5,0%
Vörukaup samtals:	20.856.717	16.726.000	-4.130.717		17.625.000	3.231.717	-3.231.717	-15,5%
Þjónustukaup samtals:	99.477.485	99.393.000	84.485		104.864.000	-5.386.515	5.386.515	5,4%
Annað samtals:	3.444.565	4.844.000	1.399.435		2.220.000	2.624.000	-1.224.565	-35,6%
Samtals:	147.039.271	141.816.000	-5.054.301	0	145.700.000	3.728.893	-1.339.271	-0,9%

Íþróttá- og tómstundamál

06610 Knattspyrnuvellir	2015			2016			Áætluð hreyfing 2016 - hreyfing 2015	
	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Breyting á milli ára 2015 og 2016	
Tekjur samtals:	-218.472	-188.000	-30.472		-188.000	0	30.472	- 13,9%
Laun og launat. gjöld:	314.626	289.000	-25.626		390.000	-75.374	75.374	24,0%
Vörukaup samtals:	3.638.825	3.715.000	76.175		3.500.000	138.825	-138.825	-3,8%
Þjónustukaup samtals:	12.265.090	13.058.000	792.910		12.442.000	-176.910	176.910	1,4%
Annað samtals:	0	61.000	-61.000		20.000	0	20.000	
Samtals:	16.000.069	16.935.000	751.987	0	16.164.000	-113.459	163.931	1,0%